

Innanhússhönnun 8.-10. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir: Markmið námsins er að nemendur öðlist innsýn í heim innanhússhönnunar og þjálfist í skapandi og gagnrýnni hugsun í tengslum við notkun rýmis, fagurfræði og hagnýta hönnun. Nemendur læra um helstu innanhússhönnunarstíla, þekkta hönnuði og áhrifavalda á sviðinu og þekkta hönnunarhluti. Í gegnum verkefni þar sem nemendur hanna þriggja herbergja íbúð í teikniforritinu *Planner 5D*, fá þeir tækifæri til að vinna með eigin hugmyndir, rannsaka hönnunarlausnir og þjálfra færni í rýmisskipulagi, litasamsetningum, efnisvali og heildarútliti. Sérstök áhersla er lögð á að virkja sköpunargleði, efla sjálfstæða þekkingarleit og auka hæfni í notkun stafrænnar tækni við hönnun. Námið tekur einnig mið af samfélagslegum þáttum og stuðlar að meðvitund um mikilvægi aðgengis og fjölbreytileika. Nemendur eru hvattir til að hanna lausnir sem taka tillit til þarfa ólíkra hópa, s.s. fólks með fatlanir, og þróa þannig siðferðislega meðvitund og samfélagslega ábyrgð í gegnum hönnunarvinnu sína.

Kennari: Laufey Alda Sigvaldadóttir, laufeysi@seltjarnarnes.is

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Námsmatsverkefni eru nokkur valin verkefni sem kynnt verða fyrir nemendum. Verkefnin sem um ræðir eru:

- Innblástursborð (Moodboard), þrjú innblástursborð þar sem nemendur taka fyrir þrjá ólíka stíla
- Verkefni um þekktan hönnunarhlut
- Glærukynning um þekktan hönnuð
- Verkefni þar sem nemendur hanna þriggja herbergja íbúð
- Verkefni þar sem nemendur kynna lausnir fyrir fólk með sérþarfir

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor.

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni

- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	-Að koma fram við aðra af virðingu og ábyrgð -Að taka tillit til skoðana annarra	Viðbrögð við ritstuld	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: • Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. • Við endurtekið brot fær nemandi D fyrir metin hæfniviðmið og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. • Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D fyrir metin hæfniviðmið.
Mæting og virkni í tímum	-Að mæta á réttum tíma með öll gögn -Að sýna áhuga og metnað í verkefnavinnu	Heimavinna og hjálpargögn	Heimavinna lítil sem engin heimavinna er í innanhússhönnun nema ef nemandi missir af tíma þá þarf að vinna verkefnin heima eða Hjálpargögn s.s. hljóðbækur og rafbækur eru að finna í Google Classroom
Hlutverk nemenda	-Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans - Að virða skilafrest verkefna - Að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt, bæði munnlega og skriflega til samnemenda og kennara	Hlutverk kennara	- Að mæta á réttum tíma og undirbúinn fyrir tíma - Að aðstoða nemendur eftir þörfum - Að koma fram við nemendur af virðingu og ábyrgð

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt
- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi
- nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum
- geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Vikur 1 - 4: Kynning á faggreininni innanhusshönnun Nemendur kynnst nokkrum innanhússtílum	-greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í (myndlist og) hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis -sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum	Nemendur skila inn þremur innblástursborðum (moodboards)	-Uppgötvunarnám -Fyrirlestrar -Umræður	Námsefni frá kennara, glærur, myndbönd og vefsíðan: https://sites.google.com/grunnskoli.is/innanhusshonnu n/home
Vika 5 - 7 Kynning á þekktum hönnuðum, nemendur velja sér einn hönnuð og gera stutta kynningu um hann.	-greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir -valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti	Glærukynning á þekktum hönnuði og hönnunarhlut	-Uppgötvunarnám -Leitarnám	Námsefni frá kennara, glærur, myndbönd og vefsíðan: https://sites.google.com/gr

Nemendur velja sér þekktan hönnunarhlut og gera stutta kynningu um hann.	eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.			unnskoli.is/innanhusshonnu n/home
Vika 8 - 9 Litir Kynning á áhrifum lita og hvernig litir geta breytt tilfinningu fyrir rými. Nemendur vinna verkefni með öðrum þar sem þeir bera saman tvö ólík rými	-geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð -nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum	Verkefni þar sem nemendur bera saman tvær ólíkar myndir út frá litum er metið. Nemendur velja hvernig þeir skila verkefninu.	-Uppgötvunarnám -Fyrirlestrar -Samvinnunám	Námsefni frá kennara, glærur, myndbönd og vefsíðan: https://sites.google.com/grunnskoli.is/innanhusshonnu n/home
Vikur 10-11 Hönnun fyrir alla. Nemendur skoða rými sem eru hönnuð fyrir fólk með fatlanir eða þurfa sérstakar lausnir í daglegu lífi.	-sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs		-Fyrirlestrar -Uppgötvunarnám	Námsefni frá kennara, glærur, myndbönd og vefsíðan: https://sites.google.com/grunnskoli.is/innanhusshonnu n/home
Vikur 11-15 Nemendur vinna að lokaverkefni sínu sem er að hanna 3ja herbergja íbúð í teikniforritinu Planner 5D.	-sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal -nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru -lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök	Hönnunin á íbúðinni í forritinu Planner 5D metin og upptaka nemandans á leiðsögn um íbúðina	-Uppgötvunarnám -Fyrirlestur	Námsefni frá kennara, glærur, myndbönd og vefsíðan: https://sites.google.com/grunnskoli.is/innanhusshonnu n/home

	-skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi			
--	--	--	--	--